

# Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis



Reykjavík, 28. febrúar 2019

## Umsögn Landssamtaka hjólréiðamanna við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 436. mál á 149. löggjafarþingi.

Landssamtök hjólréiðamanna (hér eftir LHM) eru hagsmunasamtök hjólandi á Íslandi. Markmið samtakanna eru m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll stærstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja um 2500 manns heldur eru þau jafnframt málsvari alls hjólréiðafólks á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flestöllum löndum Evrópu.

LHM leggja hér með fram athugasemdir sínar við frumvarpið en eru jafnframt tilbúin að mæta fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og svara spurningum ef eftir því er leitað.

### Umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið tekur núverandi ákvæði XIII. kafla umferðarlaga og innleiðir að auki tilskipun EB 2009/103/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja.

Stjórn Landssamtaka hjólréiðamanna metur það svo að réttarstaða hjólandi og gangandi vegfarenda sé góð samkvæmt ákvæðum núverandi umferðarlaga og að hún breytist ekki með framlögðu frumvarpi samanber II. kafla frumvarpsins.

### LHM lýsa sig því sammála efni frumvarpsins og mæla með því að það verði samþykkt á Alþingi með II. kafla efnislega óbreyttan.

LHM leggur þó til að orðalagi verði lítillega breytt í orðskýringum í 3. gr. til samræmis við tilskipun EB sem nær til vélknúinna ökutækja eingöngu. Við 7. tölulið verði bætt orðinu vélknúið og orðist svo: „Ökutæki: Skráningarskylt vélknúið ökutæki samkvæmt umferðarlögum.“

Fyrir hönd stjórnar Landssamtaka hjólréiðamanna

Árni Davíðsson formaður